

AUGLÝSING

um breytingu á starfsleyfi nr. 95/1991 fyrir Kraftlýsi hf.,
lifrabræðslu, Mörk 3, Djúpavogi.

1. gr.

5. gr., 5. tl. B í starfsleyfi frá 22. febrúar 1991 orðist svo:

Sé lýsið skilið frá grútnum í skilvindum, skal a.m.k. grófsigta föst efni frá vökvanum áður en hann fer í skilvindur. Föst efni og skotmassa frá skilvindum skal taka frá og nýta eða farga, sé vatnsfasinn ekki nýttur.

Sé föstum efnum og skotmassa fargað, skal það gert á fullnægjandi hátt að mati heilbrigðisnefndar Djúpavogssvæðis.

2. gr.

Á eftir kafla 4 í starfsleyfi frá 22. febrúar 1991 komi nýr kafli, kafli 5 eftirfarandi:

5. Ákvæði til bráðabirgða.

5.1. Frárennsli frá lifrabræðslunni sbr. gr. 2.6. skal tengjast fitugildru á árinu 1991.

3. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollusthætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytið, 15. júlí 1991.

F. h. r.

Páll Línal.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STARFSLEYFI

fyrir lifrabræðslu Fiskimjölsverksmiðju Hornafjarðar hf.,
Höfn, Hornafirði.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Lifrabræðslunni er heimilt að framleiða lýsi úr fisklifur. Hámarksafköst bræðslunnar skulu við það miðast, að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikils álags á tækjakost.
- 1.2. Lifrabræðslan skal sjá svo um, að á öllu athafnasvæði bræðslunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Hornafjarðarsvæðis. Halda skal útlit og umhverfi bræðslunnar snyrtilegu.
- 1.3. Ganga skal þannig frá mannvirkjum og búnaði bræðslunnar og haga allri starfsemi svo, að hætta á mengun í hráefni og afurðum verði sem minnst.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsemi og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.5. Sé ráðgert að gera verulegar breytingar á rekstri eða stækka bræðsluna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðinefnd Hornafjarðarsvæðis skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.